

1955 nr. 74 9. desember

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna

Tók gildi 1. mars 1956.

Hinn 30. nóvember 1955 var forstjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um stöðu

flóttamanna, sem lagður var fram til undirritunar í Genf 28. júlí 1951, en Alþingi veitti ríkisstjórninni, með þingsályktun frá 9. febrúar 1955, heimild til þess að fullgilda nefndan samning.

Samkvæmt samningnum gengur hann í gildi, að því er varðar Ísland, hinn 1. mars 1956. ...¹⁾

¹⁾ Samningurinn er birtur í Stjóð. A 74/1955.